

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Af hundum í Reykjavíkurborg skal Dýraþjónusta Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Reykjavíkurborg nr. 355/2022.

2. gr.

Af hundum í Reykjavíkurborg skal innheimta árlegt þjónustu- og eftirlitsgjald, hundagjald, samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavíkurborg árið eftir að hundur er skráður í fyrsta sinn og síðan árlega eftir það. Ekkert gjald er innheimt við skráningu hunds.

Árlegt hundagjald	kr. 15.700
Skráningargjald	kr. 0

Skrá skal alla hunda í Reykjavíkurborg, einnig þá sem undanþegnir eru árlegu hundagjaldi samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavíkurborg.

3. gr.

Heimilt er að veita allt að 30% afslátt af árlegu gjaldi hafi viðkomandi hundaeigandi sótt námskeið um hundahald sem viðurkennt er af Dýraþjónustu Reykjavíkur.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs óskráðs hunds ber að innheimta kr. 34.000 handsömunargjald. Að auki skal eigandi greiða þann kostnað sem fellur til vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Við afhendingu handsamaðs hunds, sem skráður er í Reykjavíkurborg eða hjá öðru sveitarfélagi, skal einungis innheimtur sá kostnaður sem fallið hefur til vegna dvalar og geymslu viðkomandi hunds. Hafi skráður hundur verið handsamaður þrisvar sinnum eða oftar skal eigandi þó greiða handsömunargjald sem og kostnað vegna dvalar og geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1302/2022 fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 3. febrúar 2023.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfudagur: 17. febrúar 2023